

Arnarlax ehf.
Strandgötu 1
465 Bíldudalur

Reykjavík, 24.9.2024
UST202401-253/A.E.H.
08.12.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 13. júní 2024 - Arnarlax ehf, Fossfirði í Arnarfirði, ID 155

Þann 13. júní sl. fór fram reglubundið eftirlit hjá Arnarlaxi í Fossfirði í Arnarfirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin opin frávík voru við eftirlit.

Ein ábending var sett fram í eftirlitinu er varða:

1. Rekstraraðila ber að skila inn til Umhverfisstofnunar núll skýrslu þegar svæðið er í hvíld lengur en eitt ár.

Þrjú frávík komu fram er varða:

1. Gr. 3.2 í starfsleyfi. Rekstraraðila ber að skila inn ársyfirliti og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Ársyfirliti var ekki skilað fyrir en 26.júní 2024 og með ófullnægjandi upplýsingum.
2. Gr. 3.3 í starfsleyfi. Rekstraraðila ber að skila inn grænu bókhaldi og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Grænu bókhaldi var ekki skilað fyrir en 6. maí 2024.
3. Gr. 3.3 í starfsleyfi. Rekstraraðila skal færa útstreymisbókhald í samræmi við reglugerð nr. 990/2008, um útstreymisbókhald.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 16. október 2024.

Virðingarfyllst

Auður Eyberg Helgadóttir
sérfræðingur

Sigríður Kristinsdóttir
sérfræðingur